

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

79

1. ágúst

um breyting á lögum nr. 10 29. marz 1961,  
um Seðlabanka Íslands.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna hinna miklu kauphækkana, sem átt hafa sér stað að undanfögnu, séu fyrirsjáanlegir miklir erfiðleikar í efnahagsmálum, ef ekkert sé að gert. Áhrif kauphækkanna muni á skömmum tíma breiðast um allt hagkerfið og valda almennri hækkun framleiðslukostnaðar og aukinni eftirspurn eftir gjaldeyri, en þetta muni svo á hinn bóginn hafa í för með sér versnandi afkomu útflutningsatvinnuveganna og alvarlegan greiðsluhalla þjóðarbúsins út á við. Til þess að koma í veg fyrir þessa þróun og atvinnuleysi og gjaldeyriskort, sem henni mundi fylgja, beri nauðsyn til að endurskoða gengisskráninguna í samræmi við breytt viðhorf, og þyki eðlilegast, að Seðlabanki Íslands, sem komið hafi verið á fót nú á þessu ári, skrái gengi íslenzkrar krónu, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, enda sé sú skipan algengust í nálægum löndum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

**1. gr.**

1. málsg. 18. gr. laganna orðist svo:

Seðlabankinn ákveður, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, stofngengi (pari) íslenzku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli. Kaup- og sölugengi má ekki vera meira en 1% undir eða 1% yfir stofngengi. Innan þessara marka skráir Seðlabankinn daglega kaup- og sölugengi þeirra gjaldeyristegunda, sem þörf er á vegna almennra viðskipta.

**2. gr.**

Ákvæði 1. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, falla úr gildi, þá er nýtt gengi hefur verið ákveðið samkvæmt 1. gr. þessara laga.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 1. ágúst 1961.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gylfi P. Gíslason.*